



Reykjavík, 13. september 2013

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Varðar: Framkvæmdir við nýja oliubirgðastöð á Ísafirði

Með vísan í bréf Umhverfisráðuneytisins dags 22. apríl 2013 þar sem heimild til áframhaldandi reksturs oliubirgðastöðva á Ísafirði án starfsleyfis var skilyrt því að Umhverfisstofnun væri send skýrsla um framgang mála, upplýsir Oliudreifing að staða einstakra verkþátta i byggingu nýrrar birgðastöðvar á Mávagarði er eftirfarandi:

Lóðaúthlutun

Ísafjarðarbær úthlutaði félaginu lóðinni Mávagarði, lóð F þann 16. júlí 2012.

Leyfi

Umhverfisstofnun veitti stöðinni starfsleyfi þann 18. október 2012.

Sótt var um framkvæmdaleyfi til Ísafjarðarbæjar þann 9. júlí 2012, Teikningar hafa verið samþykktar af Umhverfisstofnun og var byggingarleyfi veitt þann 3. júní 2013.

Lóð

Búið er að fjarlægja farg af lóðinni og hefur Ísafjarðarbær lýst því formlega yfir að lóðin sé byggingarhæf.

Framkvæmdir

Búið er að koma bryggjubrunni í þekju hafnarmannvirkja og leggja lagnir að stöðinni.

Búið er að leggja lagnir í jörðu undir steypum mannvirkjum, þmt fráveitulagnir

Búið er að steypa botn þróar, geymastæði og verið er að steypa þróarveggi stöðvarinnar.

Búið er að tæma geyma stöðvarinnar við Suðurgötu og verið að hreinsa geyma og búa til flutnings, sem fyrirhugaður er í viku 39. Í framhaldi verður lagnavinnu lokið og klárað að steypa þró stöðvarinnar.

Stefnt er að því að lagnavinnu og frágangi þróar og frárennslis verði lokið í enda október og þá verði stöðin tekin í notkun og Mjósundsstöðinni lokað og hún tæmd.

Þar sem farið er að hausta gæti framvinda verksins ráðist af veðri sem gæti tafið og seinkað lokum.

Virðingarfyllist,
f.h. Oliudreifingar ehf.

Gestur Guðjónsson
Umhverfis- og öryggisfulltrúi

Oliudreifing ehf

Posthólf 4230 • 128 Reykjavík • Sími 550 9900 • Fax 550 9999